

14. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

STARFSÁRIÐ 2019-2020

Mánudaginn 11. maí kl. 18:00 var haldinn fjórtándi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var fjarfundur, unnin gegnum Microsoft Teams.

Mætt voru Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðbjargar Guðmundsdóttur og Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ tók þátt í fundinum.

Dagskrá er sem hér segir:

1. Aðalfundur HRFÍ

Umræður um aðalfund HRFÍ og mögulega tímasetningu. Nú hafa stjórnvöld byrjað að slaka á fjöldatakmörkunum vegna faraldurs Covid-19 og því stýttist í að hægt verði að halda aðalfund félagsins. Boðaðar hafa verið frekari afléttingar hafta 25. maí, stjórn mun fylgjast með þeirri tilkynningu og vonandi verður hægt að boða til aðalfundar sem fyrst upp frá því.

Guðný upplýsir um stöðu á upptöku tölvukerfisins og kynningu á því fyrir félagsmenn HRFÍ. Umræður um það hvort útbúa eigi myndband með kynningu en það myndi fela í sér nokkurn kostnað. Umræður um málið og ákveðið að setja kynningu á heimasíðu félagsins og svara svo þeim spurningum sem fram koma.

Niðurstaða umræðna er að kynning á upptöku nýja tölvukerfisins verði sett á vef félagsins með gögnum aðalfundar og nýja tölvukerfið kynnt á fundinum.

Herdís og Guðný hafa hafið vinnu að skýrslu stjórnar og kynna lauslega áhersluatriði í skýrslunni sem aðrir stjórnarmenn fá til yfirferðar á næstu dögum.

Endurskoðandi félagsins vinnur að endurskoðuðum ársreikning og skilar honum væntanlega frá sér á næstu dögum.

2. Endurfjármögnun húsnæðisláns

Guðný hefur kannað möguleika á endurfjármögnun húsnæðisláns HRFÍ vegna fasteignarinnar í Síðumúla 15. Ra ehf er eigandi Síðumúla og HRFÍ er eigandi Ra ehf. Reglum hefur verið breytt frá því að lánið var upphaflega tekið og Ra ehf má ekki lána veð í fasteigninni til HRFÍ eins og gert var þegar núverandi fasteignalán var tekið. Guðný mun fylgja málinu eftir og ræða möguleika í stöðunni við endurskoðanda félagsins.

Möguleikar á samruna Ra ehf við HRFÍ hafa verið skoðaðir, þar sem HRFÍ er ekki rekið í hagnaðarskyni hafa endurskoðendur ekki séð þetta sem möguleika.

3. Aflétting ræktunarbanns dvergschnauzer (fylgiskjöl 1-4)

Nú liggur fyrir álit Vísindanefndar HRFÍ vegna beiðni á afléttingu ræktunarbanns hjá dvergschnauzer, sem einnig var rætt á síðasta stjórnarfundi. Rétt eins og Ræktunar- og staðlanefnd leggst Vísindanefnd gegn afléttingu á ræktunarbanni á þeim dvergschnauzer hundum sem eru í ræktunarbanni vegna greinds PRA í tegundinni.

Samkvæmt núgildandi reglum hjá dvergschnauzer er óheimilt að para hunda sem hafa verið í ræktunarbanni vegna PRA nema fyrir liggi að þeir séu hreinir af öllum gerðum PRA sem þekktar eru í tegundinni. Í dag eru í það minnsta 3 gerðir af PRA þekktar hjá dvergschnauzer, PRA-A, PRA-B og Late onset PRA. Samkvæmt Vísindanefnd koma fyrri tvær gerðirnar almennt fram fyrir 6 ára aldur og eru taldar víkjandi en sú síðasta kemur fram síðar á ævinni og ekki er búið að sanna hvernig hún erfist. Ekki eru til DNA próf fyrir allar þessar gerðir af PRA í dvergschnauzer. Umræddir hundar gætu verið með aðra gerð eða fleiri en eina gerð af PRA.

Þá bendir Vísindanefnd á leiðbeiningarit ECVO (European College of Veterinary Ophthalmologists) en þar segir: “No BREEDING from the affected animals, it’s parents or offspring.”

Umræður um málið en ekki er hægt að setja alla hundana í sama flokk. Ákveðið að fresta afgreiðslu, fá fulltrúa Vísindanefndar sem og Ræktunar- og staðlanefndar á fund með stjórn og ræða málið. Einnig ákveðið að senda eigendum umræddra hunda skilaboð, benda á að það sé óskýrleiki í reglugerðinni og upplýsa að málið sé í skoðun.

4. Tengiliður stjórnar í stjórn DÍF

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

a. Kvörtun vegna ósanninda o.fl. – Erindi frá fv. tengiliði Fjár- og hjarðhundadeildar HRFÍ (fylgiskjal 5)

Fv. tengiliður australian shepherd hjá Fjár- og hjarðhundadeild sendir inn erindi og telur sig hafa verið beittan ósannindum af hálfu nokkurra félagsmanna, brot á trúnaðarskyldu og að hafa ekki skilað af sér gögnum. Í erindinu vísar tengiliðurinn fyrirverandi m.a. í ársskýrslu Fjár- og hjarðhundadeildar.

Umræður um málið og stjórn þykir miður að viðkomandi hafi upplifað samskipti sín við félagsmenn á þennan hátt. Ársskýrslur deilda eru ekki á vegum stjórnar HRFÍ og rétt að leita til viðkomandi deildar varðandi athugasemdir þar að lútandi. Að mati stjórnar félagsins eiga erindi, þar sem félagsmenn telja á sér brotið á einhvern hátt þó fremur heima á borði síðanefndar félagsins en stjórnar.